

**Fundargerð stjórnar BÍS 03/2017, miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

## **Mættir:**

Bragi Björnsson skátahöfðingi, Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS.

## **Dagskrá:**

### **1) Setning**

Bragi skátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna.

### **2) Fundargerðir síðustu funda:** Fundargerðir 21-2016 og 24-2016 samþykktar.

### **3) Yfirlit stjórnarmanna:** Frestað.

### **4) Meginviðfangsefni 1:**

- a) Félagsforingjafundur 14. jan. Rætt um tilhögun fundarins og birtingu gagna. Við nánari skoðun og ummræður ákveður meirihluti stjórnar að bíða með birtingu fundargerða þar til þær og viðeigandi gögn hafa verið kynnt á félagsforingjafundi á laugardaginn.
- b) Ákveðið var að upplýsa boðaða félagsforingja um hvaða gestir koma: Tryggvi Jónsson endurskoðandi, Jón Lárusson í sérskipuðu viðbragðsteymi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir í viðbragðsteymi, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri, Þóra Ingibjörg Guðnadóttir félagslegur skoðunarmaður, Kristinn Ólafsson fyrrv. gjaldkeri, einn fulltrúi skátaréttar.
- c) Ef annar en félagsforingi eða aðstoðarfélagsforingi sitja fundinn þá þarf að koma með umboð frá félagsforingja.
- d) Fundarstjórar: Halldór Magnússon og Sigurður Konráðsson. Fundarritarar verða tveir: Sigríður Ágústsdóttir og verið að kanna með annan ritara.
- e) Heiður, Una Guðlaug og Jón Þór sjá um að útbúa gögn fyrir fundinn.

### **5) Mál til afgreiðslu og bókunar:**

- a) BB harmar að fundargerðir hafa ekki verið birtar og telur að birting hefði getað komið í veg fyrir úlfúð og leiðrétt þær rangfærslur sem hafa verið í umræðunni.

### **6) Önnur mál**

- a) Skátarnir fá 41,1M í rekstur BÍS á ári næstu þrjú árin skv. áætlun. Moot fær 10M á þessu ári.
- b) Skátafréttir – beiðni um upplýsingar. Heitið „Skátar“ er vörumerki og notkun þess er háð samþykki BÍS. Forsvarsmanni Skátafrétta er boðið að koma á stjórnarfund þann 18. janúar kl. 17:30 og kynna þennan nýja miðil.
- c) „Skátastarf á nýjum slóðum“ fékk 300 þúsund króna styrk til verkefnisins. Á fundi félagaráðs og fjármálaráð var ákveðið að greiða þeim foringjum

- sem hafa tekið að sér að fylgja þessu nýja starfi eftir og halda skátafundi fyrir ferðatíma í 6-8 vikur á meðan þjálfunarferlið er í gangi.
- d) Bland í poka í febrúar fellur niður.

Fundi slitið kl. 22:30  
Fundargerð ritaði SÁ.

## Úr viðburðadagatali BÍS:

Mán	Dags	Heiti viðburðar
janúar '17	9	Endurfundir skáta
janúar '17	14	Gilwell leiðtogaþjálfun 1. skref
janúar '17	14-15	Skyndihjálparnámskeið 12 klst.
janúar '17	19	Vítamínkvöld - Tækifæri í alþjóðastarfi
janúar '17	23	Foringjaspjall sveitarforingja
janúar '17	27.-29.	Vetrarmót Reykjavíkurskáta
janúar '17	jan/feb	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal
janúar '17	20.-22	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
febrúar '17	3-5	Bland í poka (tengt félagsforingjafundi)
febrúar '17	4	Félagsforingjafundur (tengt Bland í poka)
febrúar '17	11	Ungmennaping
febrúar '17	13	Endurfundir skáta
febrúar '17	18	Gilwell leiðtogaþjálfun 2. skref
febrúar '17	22.	22. febrúar
febrúar '17	25-26	Ungir talsmenn skáta.
febrúar '17	17.-24.	<b>Vetraráskorun Crean</b>
febrúar '17	16	Vítamínkvöld - Magnaðar minjar
febrúar '17		Styrktarpinni skáta
mars '17	1	12 tíma ljósmyndaáskorun rekka- og
mars '17	1	Skráning í sumarþúðir skáta Úlfjótuvatni
mars '17	5	Drekaskátadagur
mars '17	10.-12.	Skátaping
mars '17	10.-12.	IC Network Meeting
mars '17	13	Endurfundir skáta
mars '17	15	Nýliðanámskeið og samráðsfundir stjórnar og ráða
mars '17	16	Vítamínkvöld - Hatursorðræða á netinu
mars '17	17-19	Leiðtoganámskeið - Skátapepp
mars '17	18.-19.	Réttindanámskeið Úlfjótuvatns 1: "Bogfimi" og "Eldað fyrir hópa"
mars '17	18	Gilwell leiðtogaþjálfun 4. skref
mars '17	24-26	<b>Róverskátahelgin - ekki endanleg dagsetning</b>
mars '17	25	Rödd ungra skáta
mars '17	25	Félagsstjórnánámskeið
mars '17	mars/apríl	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal